



23. október 2023

Umsögn Hvalavina vegna 99. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.

154. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal 99 — 99. mál.

Hvalavinir styðja afdráttarlaust frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.

Hvalavinir er regnhlíf yfir 5 samtök fyrir dýravelferð og umhverfisvernd á Íslandi sem ákváðu í vor þegar skýrsla MAST - „Eftirlitsskýrsla- Velferð hvala við veiðar á langreyðum á Íslandi 2022” kom út að taka höndum saman og berjast gegn þeim smánarbletti á okkur sem þjóð sem þjóð sem hvalveiðar eru.

Samkvæmt skýrslunni standast veiðiaðferðir Hvals hf. engan veginn kröfur laga um dýravelferðarlög. Frávikin eru svo stór að frekar er um að ræða reglu en undantekningu. Af þeim 148 hvölum sem voru veiddir 2022, voru 36 langreyðar (24%) skotnar oftast en einu sinni með sprengiskutli. Þar af voru fimm hvalir skotnir þrisvar og fjórir hvalir skotnir fjórum sinnum. Einum hval með skutul í bakinu var veitt eftirfór í 5 klukkustundir án árangurs. Dauðastríð hvala varði í allt að tvær klukkustundir. Þrír hvalir voru skotnir en náðust ekki og hafa því háð langt og kvalafullt dauðastríð.

Niðurstaða hvalveiða í ár er hlutfallslega svipuð, skot geiguðu ítrekað og dauðastríð langreyða voru löng og kvalarfull, ein kylfull kýr og ófæddur kálfur hennar voru drepin og ein langreyður hvarf eftir að hafa verið skotin og enginn veit hversu lengi hennar dauðastríð entist.

Hryllileg meðferð á dýrum með þessum hætti er óásættanleg og þetta er í sjálfu sér næg ástæða til að banna með öllu hvalveiðar.

Við fögnuðum því í júní þegar Svandís tók þá mikilvægu ákvörðun að fresta hvalveiðum vegna álits frá fagraði um dýravelferð og vorum djúpt vonsvikin þegar ákveðið var að hefja veiðar á ný. Þrátt fyrir að færri hvalir hlutu þessi grimmilegu örlög í ár en árið á undan þá er það með engu ásættanlegt að drepa eitt einasta dýr á þennan máta.

Kannanir sýna að á tímabilinu máí til í ágúst jókst andstaða íslendinga við hvalveiðar um 10% og eru nú einungis um 29% íslendinga sem styðja hvalveiðar og er meirihluti þeirra karlmenn yfir sextugt. Ungu fólkið vill ekki hvalveiðar, það er upplýst og veit hversu mikilvægir hvalir eru í vistkerfi sjávar.

Hvalir gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn loftslagsvánni sem er ein af helstu ógnum við okkar samfélag. Með lífsferli sínu bindur eitt stórhveli um 33 tonn af kolefni eða á við 1,500 tré. Sömuleiðis gegna þeir lykilhlutverki í fæðukeðju hafsins. Með því að kafa á sjávarbotn og ferðast um höfin framleiða hvalir næringarrík úrgangský sem styrkja svif og önnur smádýr, fjölgun hvala styrkir fiskistofna, stóra sem smáa, og á endanum hvalina sjálfa. Þegar hvalir enda lífdaga sína í hafinu sjálfu og sökkva til botns binda þeir mikið magn kolefnis til langs tíma. Hvalir gefa meira en þeir taka. Þeir stuðla að heilbrigðu lífríki sjávar og hafa lifað í jafnvægi við umhverfi sitt í tugi milljóna ára.

Yfir 600 þúsund manns skrifa undir

Við sáum það á baráttu okkar í sumar að aldrei hefur áður verið jafn mikil athygli á hvalveiðum Íslendinga og hafa nú yfir 600.000 manns skrifað undir [undirskriftalista](#) okkar og hvatt íslensk stjórnvöld til að hætta hvalveiðum:

Kvikmyndaiðnaðurinn vill sniðganga Ísland vegna hvalveiða

Um [100 leikstjórar og leikarar](#) hvaðanæva úr heiminum skrifuðu bréf og hétu að þau myndu sniðganga Ísland og ekki koma með sín kvikmyndaverkefni til landsins nema við myndum láta af hvalveiðum.

Við vitnum í Baltasar Kormák: „Þetta tilheyrir fortíðinni og er ákveðið „Bjarts í Sumarhúsum“ heilkenni sem við virðumst vera haldin. Að við ætlum að falla á þetta sverð og drukkna í þessum blóðdrullupolli frekar en að horfa til framtíðar. Það er verið að leggja iðnað að veði, ferðamannabransann, kvikmyndabransann og orðspor Íslands, fyrir ekki meiri hagsmuni.“

Við vonum að nefndarmenn og alþingismenn allir hlusti á vilja meirihluta þjóðarinnar og umheimsins. Hvalirnir eru ekki „okkar eign“, þeir eiga sig sjálfir og þeir ferðast um heimshöfin og stuðla að heilbrigði sjávar allri heimsbyggðinni til góða, leyfum þeim að lifa.

Hvalavinir